



Stjórnarfundur UÍA

Haldinn á Egilsstöðum, þriðjudagur 09.11.2021 kl: 17:00

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Gunnar Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Þórunn María Þórgrímsdóttir, Guðjón Magnússon og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

Dagskrá

- Síðasta fundargerð
- Innsend erindi
- Sprettur
- Snæfell útgáfa
- Sambandsþing UMFÍ
- Önnur mál

Síðasta fundargerð

Samþykkt samhljóða.

Innsend erindi frá Þrótti Neskaupstað

Samþykkt að veita styrk að upphæð 60.000 kr. með því skilyrði að seinni fyrirlesturinn væri opin fyrir alla enda er það skilyrði fyrir úthlutun úr afreks- og fræðslusjóði UÍA (6.grein).

Sprettur

Úthlutnarferlið er hafið og liggja núna öll gögn hjá úthlutunarnefndinni. Nauðsynlegt er að búið sé að úthluta fyrir 20.11 þar sem að þeir sem fá afreksstyrk fá umfjöllun í Snæfelli.

Snæfell útgáfa

Einn af blaðamönnunum datt út en búið er að fá nýjan inn. Gert er ráð fyrir að blaðið komi út í byrjun desember. Upp úr miðjum nóvember verður farið að safna auglýsingum í blaðið.

Sambandsþing UMFÍ

Fróðlegt og skemmtilegt þing. Á þinginu var talað um að fækka íþróttahéruðum á landinu. Það kemur þó ekki til með að hafa áhrif á starfsemi UÍA. Nýr formaður var kosinn og er ánægja með hann. Stjórn UÍA þakkar fráfarandi formanni fyrir gott samstarf.

Önnur mál

- **Samskiptaráðgjafi UMFÍ** – ágætis mæting var á fundinum með ráðgjafanum og var margt fróðlegt og gagnlegt sem kom þar fram.
- **Viðar Sigurjónsson UMFÍ** – kom í heimsókn og ræddi við formann og framkvæmdarstjóra um ferlið fyrir UÍA að verða fyrirmyndarfélag. Þessi mál verða skoðuð á nýju ári. Hann afhenti ákveðin gögn sem hægt er að vinna með.
- **Jólakveðjur** – UÍA sendir aðildarfélögum sínum jólakveðjur í Snæfelli.

Stefnt er að því að hafa næsta fund þriðjudaginn 07.12 kl. 17:00 ef að einhver erindi verða.

Fundi slitið kl. 17:52

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir